



Viðhaldsverk á ytra byrði Flataskóla sumarið 2023

Útboðs- og verklýsing

Maí 2023

Viðhaldsverk á ytra byrði Flataskóla sumarið 2023

Verkkaupi:

Garðabær

Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Sími: 525 8500

Verkefnastjóri framkvæmda

Garðabær

Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Sími: 525 8500

Guðbjörg Brá Gísladóttir

Umsjónarmaður útboðsgagna

Mannvit hf.

Urðarhvarfi 6 - 203 Kópavogi

Sími: 422 3000

Arnar Már Ágústsson

EFNISYFIRLIT

0	ÚTBOÐS- – SAMNINGSSKILMÁLAR	1
0.1	YFIRLIT	1
0.1.1	Útboð	1
0.1.2	Útboðsform – Útboðsyfirlit	1
0.1.3	Kröfur til bjóðenda	1
0.1.4	Lauslegt yfirlit yfir verkið	2
0.1.5	Kynningarfundur – Vettvangsskoðun	3
0.1.6	Verksamningur – Verkáætlun	3
0.1.7	Framkvæmdatími – verklok	3
0.2	UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFI OG EFTIRLIT	4
0.2.1	Verkkaupi	4
0.2.2	Ráðgjafar	4
0.2.3	Eftirlit verkkaupa	4
0.3	ÚTBOÐSGÖGN, REGLUGERÐIR OG STAÐLAR	4
0.3.1	Útboðsgögn	4
0.3.2	Skýringar á útboðsgögnum	4
0.3.3	Uppdrættir og lýsingar	5
0.3.4	Reglugerðir og leiðbeiningar	5
0.3.5	Undirverktakar	5
0.4	TILBOÐ	5
0.4.1	Gerð og frágangur tilboðs	5
0.4.2	Fylgigögn með tilboði	6
0.4.3	Auðkenni tilboðs	7
0.4.4	Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs	7
0.4.5	Opnun tilboða	7
0.4.6	Meðferð og mat á tilboðum	7
0.4.7	Þóknun fyrir gerð tilboðs	8
0.5	GREIÐSLUR, VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR	8
0.5.1	Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á)	8
0.5.2	Framlag verkkaupa	8
0.5.3	Breytingar á verkinu (viðbótarverk) – aukaverk	8
0.5.4	Frestir – Tafabætur (dagsektir)	9
0.5.5	Greiðslur, magntölur og reikningsskil	9
0.5.6	Verðlagsgrundvöllur	10
0.5.7	Fyrirframgreiðsla	10
0.5.8	Magnbreytingar	10
0.6	ÁBYRGÐIR, TRYGGINGAR OG ÁGREININGSMÁL	10
0.6.1	Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	10
0.6.2	Framkvæmdatrygging – verktrygging	11
0.6.3	Veðsetningar – Eignarréttarfyrirvarar	11
0.6.4	Misræmi í gögnum	11
0.6.5	Ágreiningsmál	12
0.7	VINNUSTAÐUR	12
0.7.1	Athafnasvæði og vinnuaðstaða	12
0.7.2	Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	12
0.7.3	Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira	12
0.7.4	Umhirða á vinnustað	12
0.7.5	Öryggi á vinnustað	12
0.8	FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS	13

0.8.1	Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir	13
0.8.2	Gæði verksins.....	13
0.8.3	Efnisval og vinnuaðferðir	13
0.8.4	Málsetningar og mælingar.....	13
0.8.5	Sýnishorn og prófanir	14
0.8.6	Samskipti við yfirvöld.....	14
0.8.7	Verklokaúttekt	14
0.8.8	Meistaraskipti	14
0.9	TEIKNINGASKRÁ	14
0.10	FYLGISKJÖL.....	15
0.10.1	Form verktryggingar.....	15
0.10.2	Verkmappa	16
0.10.3	Gögn afhent á vef Garðabæjar	16
1	VERK OG EFNISLÝSINGAR.....	17
1.1	ALMENNT UM VERKIÐ	17
1.1.1	Aðstaða, geymslusvæði og varnir	18
1.1.2	Aðstaða	18
1.1.3	Verkpallar	19
1.1.4	Geymslusvæði og varnir	19
1.1.5	Varnir gluggaopa á framkvæmdartíma	19
1.1.6	Flutningur og förgun á efni	20
1.2	GLUGGAR.....	20
1.2.1	Rif, förgun og ísetning glugga	20
1.2.2	Rif og förgun	20
1.2.3	Ísetning glugga og hurða.....	20
1.2.4	Þéttingar með gluggum.....	20
1.2.5	Lagfæringar umhverfis glugga að utan og innan	21
1.2.6	Slagveðursprófun glugga og ísetningu	21
1.2.7	Varnir glugga.....	21
1.3	STEYPU- OG MÚRVIÐGERÐIR Á ÚTVEGGJUM	21
1.3.1	Háprýstíþvottur	21
1.3.2	Sprunguviðgerðir	22
1.3.3	Sprunguviðgerðir með inndælingu	22
1.3.4	Steinbrot og múrviðgerðir	22
1.3.5	Endurnýjun á þéttiefnum á milli forsteypra eininga	23
1.4	MÁLNINGARKERFI.....	24
1.4.1	Sílanböðun og endurmálun steinsteypra útveggja	24
1.4.2	Málun nýrra þakkanta	24
1.4.3	Málun þaks.....	25
1.5	VIÐHALD ÞAKVIRKIS	25
1.5.1	Endurnýjun þakkanta	25
1.5.2	Lagfæringar á rennum og niðurföllum	25
1.5.3	Þakviðgerðir, þaktúður og skotrennur.....	26
1.5.4	Endurnýjun á bárujárnri	26
1.5.5	Lagfæring á skotrennu	27
1.6	ENDURNÝJUN INNANHÚS.....	27
1.6.1	Rif, flotun og endurlagðir dúkar	27
1.6.2	Kerfisloftaplötur.....	28
1.6.3	Endurmálun að innan	28
1.7	JARÐVEGSVINNA, DRENLAGNIR OG HELLULÖGN	29

<i>1.7.1 Gröftur</i>	29
<i>1.7.2 Drenlagnir og jarðvegur</i>	29
<i>1.7.3 Fylling og jöfnun undir hellur</i>	29
<i>1.7.4 Hellulagnir</i>	29
<i>1.7.5 Lagfæringar og viðhald útveggja</i>	30

0 ÚTBOÐS- – SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 YFIRLIT

0.1.1 ÚTBOÐ

Garðabær óskar eftir tilboðum í verkið:

Viðhaldsverk á ytra byrði Flataskóla sumarið 2023

Verkið skal framkvæma í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í grein „0.3.1 Útboðsgögn“.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliða í tilboðsskrá.

0.1.2 ÚTBOÐSFORM – ÚTBOÐSYFIRLIT

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í grein 1.2.2 í ÍST 30.

ÚTBOÐSYFIRLIT

• Kynningarfundur	Ekki haldinn	Sjá nánar gr. 0.1.5
• Fyrirspurnatíma lýkur	22. Maí 2023	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Svarfrestur rennur út	26. Maí 2023	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Opnunartími tilboða	1. Júní 2023 kl.11:00.	Sjá nánar gr. 0.4.5
• Upphaf framkvæmdatíma	Við töku tilboðs	Sjá nánar gr. 0.1.7
• Lok framkvæmdatíma	30. september 2023	Sjá nánar gr. 0.1.7
• Kröfur til bjóðenda	Sérstakar kröfur gerðar um hæfni og reynslu bjóðanda	Sjá nánar gr. 0.1.3
• Tafabætur	30.000 kr./dag	Sjá nánar gr. 0.5.4
• Verðlagsgrundvöllur	Verkið verðbætist	Sjá nánar gr. 0.5.6
• Frávikstilboð	Eru ekki heimiluð	Sjá nánar gr. 0.4.1
• Fylgigögn með tilboði:	Skila á fylgigögnum með tilboði	Sjá nánar gr. 0.4.2
• Opnunarstaður tilboða	Mannvit, Urðarhvarfi 6. 203 Kópavogi.	Sjá nánar gr. 0.4.5

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögd er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki, getur tilboðum þeirra verið vísað frá.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

0.1.3 KRÖFUR TIL BJÓÐENDA

A. Kröfur um hæfni og reynslu:

Bjóðandi skal uppfylla a.m.k. annað af eftirfarandi skilyrðum: Bjóðandi skal hafa unnið a.m.k. eitt verkefni svipað eðlis fyrir verkkaupa eða annan aðila á sl. 5 árum eða tilgreindur yfirstjórnandi (verkefnisstjóri/verkstjóri) stjórnað slíku verki.

Við mat verkkaupa á hæfni og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er verkkaupa heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af verklegum framkvæmdum og leggja slíka hæfni og reynslu að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

B. Fjárhagsleg staða

Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt. Ársreikningar skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda eða skoðunarmanni. Áritun skal að lágmarki vitna um að aðstoð hafi verið veitt við gerð ársreikninga skv. stöðlum sem gilda um óendurskoðuð reikningsskil.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld þegar hann skilar inn tilboði.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna þegar hann skilar inn tilboði.

C. Krafa um eðlilega viðskiptasögu:

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

D. Aðrar upplýsingar:

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldir upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu. Farið verður með þessar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, ef þær eru þess eðlis.

- Síðast gerðum ársreikningi, árituðum af löggiltum endurskoðanda eða skoðunarmanni. Áritun skal að lágmarki vitna um að aðstoð hafi verið veitt við gerð ársreikninga skv. stöðlum sem gilda um óendurskoðuð reikningsskil. Tekið skal fram að áritun stjórnar og/eða framkvæmdastjóra fyrirtækis kemur ekki í stað áritunar löggilts endurskoðanda eða skoðunarmanns.
- Yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.

0.1.4 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Um er að ræða viðgerðir á ytra byrði Flataskóla, múrviðgerðir á steinsteypu, sprunguviðgerðir, endurmálun steinsteypu, þakjárns, skipta út bárujárni að hluta og gluggaskipti ásamt yfirferð á áður endurnýjuðum gluggum þá leitar verkkaupi einnig eftir tilboðum innanhús viðhald eins og nýjar kerfisloftaplötur og dúkskipti. Verkið skal vinna í samræmi við ákvæði gildandi reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd og er verktaki að fullu ábyrgur fyrir því að þeim sé fylgt.

Helstu magntölur fyrir helstu verkþætti:

- | | |
|---|---------------------|
| • Viðhald á steinsteypu, sprungur, múr og málun | 2615 m ² |
| • Þakviðgerðir, riðbætur, endurmálun | 2078 m ² |
| • Rif og ísetning glugga | 44 stk |
| • Endurnýjun þakkanta | 480 m |
| • Endurnýjun á gólfdukkum | 1225 m ² |
| • Skipta út kerfisloftaplötum | 1698 m ² |

Áður en framkvæmdir hefjast, og reglulega á framkvæmdatíma, mun eftirlitsmaður afhenda verktaka verkefnalista yfir þær viðgerðir sem skal framkvæma, þ.e. staðsetningu og umfang á hverjum verkstað.

Verktaki skal skila verkinu af sér til verkkaupa í samræmi við ákvæði útboðsgagna.

0.1.5 KYNNINGARFUNDUR – VETTVANGSSKOÐUN

Formlegur kynningarfundur verður ekki haldinn með bjóðendum, en þeir eru hvattir til þess að kynna sér aðstæður á væntanlegum verkstað.

0.1.6 VERKSAMNINGUR – VERKÁÆTLUN

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka telst kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30:2012.

Gera skal skriflegan samning um verkið.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki leggja fram verkáætlun um verkið í heild, sbr. grein 3.3.1 í ÍST 30 ásamt því að leggja fram verktryggingu. Verktaki skal jafnan gera sitt ýtrasta til þess að fylgja verkáætluninni og tilkynna jafnóðum ef út af bregður og af hvaða orsökum. Gangi verkið ekki nógu vel fram, miðað við samþykktu verkáætlun, er verktaka skylt að fjölga starfsmönnum og tækjum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana, svo að áfangar verði tilbúnir á fyrirfram ákveðnum tíma.

Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um þrjú ár, eitt ár í senn.

0.1.7 FRAMKVÆMDATÍMI – VERKLOK

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka.

Framkvæmdum skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í grein “0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit”. Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

Þegar er verktaki telur sig eiga rétt á framlengingu skilafrests skal hann skýra frá því og leggja fram gögn er sýna fram á réttmæti framlengingarinnar.

Ef magn verkliðar breytist þannig að það hafi áhrif á verktímann geta samningsaðilar átt rétt á breytingu á skiladegi, enda sýni þeir fram á að heildarframvinda verksins sé háð viðkomandi verklið.

Ekki má hefja framkvæmdir fyrr en að fenginni framkvæmdaheimild hjá Garðabæ.

Áður en framkvæmd hefst skal verktaki leggja fram ÖHU-áætlun sína til samþykktar hjá eftirlitsmanni ásamt áhættumati. Verktaki skal jafnframt tilkynna verkstað til Vinnueftirlits ríkisins á þar til gerðu eyðublaði.

Óhjákvæmilega kemur til aukaverka á verktíma, ef aukaverkið á sér ekki einingarverð í tilboðsskrá skal aukaverk unnið í tímavinnu skv. tímataxta sem gefin er upp í tilboðsskrá.

0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFAR OG EFTIRLIT

0.2.1 VERKKAUPI

Verkkaupi: Garðabær, kt. 570169-6109
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Framkvæmdastjórn og eftirlit: Eignasvið Garðabæjar og Mannvit hf.

0.2.2 RÁÐGJAFAR

Útboðsgögn; Mannvit hf.
Urðarhvarfi 6, 203 Kópavogi
Sími: 422-3000

0.2.3 EFTIRLIT VERKKAUPA

Eftirlit verkkaupa er á vegum Tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar. Tækni- og umhverfissvið ræður aðila sem annast mun daglega umsjón og eftirlit með verkinu og vinnustaðnum, hér eftir nefndur eftirlitsmaður.

Eftirlitsmaður mun annast daglegt eftirlit og vera fulltrúi verkkaupa gagnvart verktaka. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið samkvæmt samningi og í samráði við eftirlitsmann. Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, hvort sem um er að ræða efnisval, útfærslur eða túlkun samningsgagna, skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns. Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum og/eða reglugerðum.

0.3 ÚTBOÐSGÖGN, REGLUGERÐIR OG STAÐLAR

0.3.1 ÚTBOÐSGÖGN

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- Útboðs- og samningsskilmálar þessir, dags. Maí 2023.
- Verklýsing þessi, dags. Maí 2023.
- Tilboðsblað og tilboðsskrá.
- Íslenskur staðall ÍST-30, 6. útgáfa 2012.
- Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum.

0.3.2 SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda Mannvit hf. skriflega fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnin skal merkt: „Viðhaldsverk á ytra byrði Flataskóla sumarið 2023“ og send með tölvupósti á netfangið utbod@mannvit.is

Fyrirspurnir og svör við þeim verða send öllum sem sótt hafa útboðsgögn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

0.3.3 UPPDRÆTTIR OG LÝSINGAR

Ákvæði um meðferð og afhendingu gagna eru í grein 3.4 í ÍST 30. Aðalverktaki ber ábyrgð á fjölföldun allra þeirra gagna sem fulltrúar verkkaupa afhenda honum og það er einnig á hans ábyrgð að undirverktakar hans kynni sér öll samningsgögn.

Sé verklýsingu eða teikningu breytt á framkvæmdatíma vegna breytinga sem verkkaupi hefur beðið um, eða ný gögn gefin út, verða þau afhent verktaka á rafrænu formi. Í tilboði bjóðanda skal vera innifalið, innan eðlilegra marka, endurgjald fyrir móttöku, meðhöndlun og rýni nýrra og breyttra uppdráttar og lýsinga.

0.3.4 REGLUGERÐIR OG LEIÐBEININGAR

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Skipulagslög og skipulagsreglugerðir.
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð.
- Lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda, nr. 715/2001.
- Lög um opinber innkaup, nr. 120/2016.
- Reglugerð um opinber innkaup á evrópska efnahagssvæðinu.
- Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993 með áorðnum breytingum.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002..
- Lögreglusamþykktir.
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglur Löggildingarstofu.
- Rb-leiðbeiningarblöð og sérrit.
- Lög og reglugerðir um öryggismál og aðbúnað á vinnustöðum.
- Reglur um vinnusvæðamerkingar.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

Ef einhverjar samþykktir eru ekki fyrir hendi í Garðabæ skulu tilvarandi samþykktir fyrir Reykjavík gilda. Fara skal eftir nýjustu útgáfu hverju sinni.

0.3.5 UNDIRVERKTAKAR

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30 og í 88. grein og 89. grein laga nr. 120/2016 að því er varðar bann við gerviverktöku.

0.4 TILBOÐ

0.4.1 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS

A Aðaltilboð

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum.

Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum, sbr. grein 2.4.4 í ÍST 30.

Bjóðendur skili inn tilboðsblaði og tilboðsskrá útfylltum í tölvupósti á netfangi: utbod@mannvit.is.

Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda. Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Einingarverð skulu vera í heilum krónum.

Í verklýsingu er í hverjum kafla gerð grein fyrir þeim reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Telji bjóðandi t.d. efnisþörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áður nefndum reglum (t.d. vegna rýrnunar við niðurskurð) skal hann innreikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleifa o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Tilboðsfjárhæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingarverðs.

Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

B Aukaverk

Komi til aukaverka á framkvæmdatímanum, en aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30, fer verkkaupi fram á að bjóðendur geri tilboð í áætlaðan fjölda útseldra tíma skv. tímagjaldi í tilboðsskrá, tækja og mannafla.

C Frávikstilboð

Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útbodsgögnunum. Hafi bjóðendur hins vegar áhuga á að bjóða annað efni, tilhögun verks eða útfærslur en útbodsgögn skilgreina er þeim heimilt á fyrirspurnartíma útbodsins að senda inn óskir þess efnis og mun verkkaupi taka afstöðu til þessara óska. Fallist verkkaupi á breytingar á efni, tilhögun verks eða útfærslum mun hann gefa út viðauka við útbodsgögnin þar sem slíkar breytingar eru skýrðar og öllum bjóðendum gefinn kostur á að bjóða í slíka valkosti á jafnréttisgrundvelli.

0.4.2 FYLGIGÖGN MEÐ TILBOÐI

Bjóðendur skulu skila inn undirritaðu tilboðsblaði, sem og útfylltri tilboðsskrá í tölvupósti, sjá grein „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“.

Því til viðbótar skal skila inn eftirtöldum fylgigögnum með tilboðinu:

- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði / lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna.
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem fyrirtæki hans og starfslið.
- Skrá yfir helstu stjórnendur og starfsmenn, s.s. yfirstjórnanda og yfirverkstjóra og upplýsingar um þá.
- Skrá yfir helstu verk og lýsing á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum.
- Skrá yfir undirverktaka er bjóðandi hyggst ráða til verksins.
- Skrá yfir efnissala og efniseiginleika.
- Nafn væntanlegs eftirlitsmanns vinnusvæðamerkinga ásamt staðfestingu um tilskilin réttindi hans.

Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skilvísi sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Farið verður með framangreindar fjárhagsupplýsingar bjóðenda í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort skilyrði 1. - 5. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

0.4.3 AUKENNI TILBOÐS

Undirrituðu tilboðsblaði, rafrænni tilboðsskrá og öðrum fylgigögnum skal skilað á netfangið: utbod@mannvit.is. Tölvupóstur skal merktur með „Viðhaldsverk á ytra bröð Flataskóla sumarið 2023“ í efnislínu (e. subject).

0.4.4 TILBOÐSTRYGGING – GILDISTÍMI TILBOÐS

Ekki verður krafist tilboðstryggingar af hendi bjóðanda.

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 8 vikur frá opnun.

Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í grein 2.6 í ÍST 30.

0.4.5 OPNUN TILBOÐA

Tilboð skulu hafa borist í tölvupósti á netfangið: utbod@mannvit.is eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í grein „0.1.2 Útboðsform – útboðsyfirlit“. Á opunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, tilboðsfjárhæð og skráð í fundargerð opunarfundar. Opunarfundur verður ekki opin bjóðendum. Fundargerðin verður send öllum bjóðendum eftir opnun tilboða.

Þau tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðunum verða ekki opnuð.

0.4.6 MEÐFERÐ OG MAT Á TILBOÐUM

Ákvæði um val á tilboði eru í kafla 2.7 í ÍST 30 og í lögum um opinber innkaup þegar um EES útboð er að ræða.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slíkt tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“ um að óútfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Verkkaupi mun annað hvort taka lágsta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðsgagna eða hafna öllum tilboðum.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í grein „0.1.3 Kröfur til bjóðenda“.

0.4.7 ÞÓKNUN FYRIR GERÐ TILBOÐS

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 GREIÐSLUR, VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

0.5.1 ÝMIS GJÖLD OG KOSTNAÐUR SEM VERKKAUPI GREIÐIR (EFTIR ÞVÍ SEM VIÐ Á)

- 01 Útboðsgögn.
- 02 Eftirlit verkkaupa.

0.5.2 FRAMLAG VERKKAUPA

Verkkaupi leggur til alla þá glugga sem á að endurnýja og eru þeir gluggar tilbúnir og í geymslu.

Verkkaupi leggur ekkert annað til verksins utan þess sem fram kemur í þessari grein og grein „0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir eftir því sem við á“.

0.5.3 BREYTINGAR Á VERKINU (VIÐBÓTARVERK) – AUKAVERK

Orðskýringar:

Viðbótarverk er skilgreint í grein 1.2.19 í ÍST 30. Allar breytingar sem verkkaupi gerir á verkinu, eftir að verksamningur er kominn á, teljast því vera viðbótarverk. Þó svo að viðbótarverk valdi að jafnaði hækkun á kostnaði verks, geta þau einnig valdið lækkun á greiðslum til verktaka, til dæmis ef verkkaupi tekur ákvörðun um að minnka umfang verks eða breyta verki til kostnaðarlækkunar með því að draga úr kröfum til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

Aukaverk er skilgreint í grein 1.2.5 í ÍST 30. Aukaverk koma því til vegna skorts á upplýsingum, ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum og öfugt við viðbótarverkin geta aukaverk einungis valdið kostnaðarauka í verkinu.

Komi til viðbótarverka eða aukaverka skal fylgja ákvæðum ÍST 30, greinar 3.6. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu skal nota taxa sem verktaki býður í tilboði sínu.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Framkvæmd aukaverka eða viðbótarverka getur því aðeins leitt til framlengingar á skilatíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að viðkomandi auka- eða viðbótarverk séu á bundinni leið (Critical Path) verksins.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu, sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, vegna viðbótar- eða aukaverka, skal vera 10%. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv. Álag greiðist ekki á það tímagjald sem verktaki býður í tilboði sínu skv. lið **B** í grein „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“.

0.5.4 FRESTIR – TAFABÆTUR (DAGSEKTIR)

Verktaki skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt grein „0.1.7 Framkvæmdatími - verklok“. Dragist verklok fram yfir umsaminn skiladag skal verktaki greiða verkkaupa ákveðna fjárhæð í tafabætur fyrir hvern almanaksdag sem það dregst að verkinu sé að fullu lokið og lokaúttekt geti farið fram. Fjárhæð tafabóta kemur fram í grein „0.1.2 Útboðsform – Útboðsyfirlit“.

Ef um er að ræða áfangaskipt verk gilda tafabótaákvæðin um skiladagsetningu hvers áfanga.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sanni réttmæti framlengingarinnar, sbr. grein 5.2 í ÍST 30.

0.5.5 GREIÐSLUR, MAGNTÖLUR OG REIKNINGSSKIL

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til greinar 5.1 í ÍST 30. Greitt verður til verktaka samkvæmt yfirfarinni (leiðréttri) tilboðsskrá. Reikningar skulu lagðir fram samkvæmt samkomulagi á fyrsta verkfundi. Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og við reikningagerð skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Reikningar skulu skráðir á:

Garðabær,
Kt. 570169-6109,
Garðatorg 7,
210 GARÐABÆR.

Á hverjum reikningi til verkkaupa skal koma fram heiti verks og verkbeiðnanúmer sem verktaki fær uppgið í upphafi verks.

Verkkaupi áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudagsetningu reiknings nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Ef reikningur er ekki sendur á réttan stað eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Sé verktaki í skuld við verkkaupa á meðan á verki stendur, áskilur Garðabær sem verkkaupi, sér rétt til þess að ráðstafa greiðslum fyrir verk þetta til greiðslu skulda verktaka við verkkaupa.

Verkkaupi mun ekki samþykkja neina greiðslu til verktaka fyrr en hann hefur afhent verktryggingu og skrifað undir verksamning.

0.5.6 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Verðlagsgrundvöllur samnings er miðaður við skráða byggingarvísitölu. Samningsbundnar greiðslur hækka eða lækka hlutfallslega með hækkun eða lækun á áður nefndri vísitölu.

Grunnvísitala samnings miðast við skráða byggingarvísitölu í Maí 2023.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði skal þó aldrei miða við lægri vísitölu en upphafsvísitölu verksamnings.

0.5.7 FYRIRFRAMGREIÐSLA

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.5.8 MAGNBREYTINGAR

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur vegna breytinga á magntölum nema frávik frá áætluðum magntölum leiði til þess að heildargreiðsla fyrir samningsverkið sé meira en 20% hærri eða lægri en heildarsamningsupphæð. Endurskoðunin gildir einungis fyrir það magn sem fellur utan þessara marka. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur, þótt magn einstakra verkliða aukist eða minnki eða jafnvel falli brott.

Greitt verður samkvæmt einingarverðum fyrir mælt og útreiknað magn. Í einingarverðum tilboðs skal innifalinn allur kostnaður við alla þá verkþætti sem þarf til þess að fullgera verkið eins og fram kemur í útboðs- og verklýsingu.

Allar mælingar til uppgjors skulu framkvæmdar af fulltrúum frá verkkaupa og verktaka í sameiningu. Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa með nægum fyrirvara hvenær óskað er mælinga..

0.6 ÁBYRGÐIR, TRYGGINGAR OG ÁGREININGSMÁL

0.6.1 ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR OG LÖGBODIN GJÖLD

Ábyrgð og áhætta er skilgreind í grein 3.9 í ÍST 30.

Meðan á verkinu stendur skal verktaki á, eigin kostnað, vát tryggja vinnuskúra, byggingarefni og vélar gegn hugsanlegum tjónum í samræmi við verðgildi þeirra á hverjum tíma.

Verktaki ber ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Enn fremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur. Verktaki skal leggja fram skírteini um frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni, skal verktaki bæta

að fullu, enda setji hann fyrir því þá tryggingu sem verkkaupi tekur gilda (verktrygging/-ábyrgð). Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram skal verktaki hafa og kosta allar nauðsynlegar váttryggingar sem leiða af framkvæmdinni.

Slysatryggingu starfsmanna sinna skal verktaki annast og kosta sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu.

Hvenær sem er á framkvæmdatíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar því, að lögboðin gjöld, s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjöld, virðisaukaskattur, lífeyrissjóðsgjöld o.s.frv. séu í skilum. Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af skirteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir fyrir vegna verksins á hverjum tíma, ásamt staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum.

0.6.2 FRAMKVÆMDATRYGGING – VERKTRYGGING

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings verktryggingu, skv. kafla 3.5 í ÍST 30.

Verktrygging skal miðast við 10% af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til verkloka en lækkar þá í 4% af samningsfjárhæð að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum ef verksamningur er verðbættur, og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar.

Óheimilt er að lækka eða fella úr gildi verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu.

Skilmálar ofangreindrar tryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. eyðublað fyrir verktryggingu.

Sjá form verktryggingar í grein „0.10.1 Form verktryggingar“.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.6.3 VEÐSETNINGAR – EIGNARRÉTTARFYRIRVARAR

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks samþykkis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Efni sem verkkaupi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins, án sérstaks samþykkis verkkaupa.

0.6.4 MISRÆMI Í GÖGNUM

Ef um ósamræmi milli gagna er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Leiði villan til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um

villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

0.6.5 ÁGREININGSMÁL

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjaness. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dóminum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til Gerðardóms VFÍ til fullnaðarúrskurðar.

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirællum verkkaupa sbr. grein 6.3 í ÍST 30. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Reykjaness.

0.7 VINNUSTAÐUR

0.7.1 ATHAFNASVÆÐI OG VINNUAÐSTAÐA

Athafnasvæði verktaka má sjá á yfirlitsmynd í verklýsingu hér að neðan, 2.1 Aðstaða.

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hætta af vinnusvæðinu, samanber grein „0.7.5 Öryggi á vinnustað“. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til grein „0.7.4 Umhirða á vinnustað“.

0.7.2 HÚSNÆÐI FYRIR STARFSMENN, TEIKNINGAR OG EFNI

Verktaki skal leggja til allt nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu á efni, allt eins og lýst er nánar í verklýsingu.

0.7.3 LJÓS, HITI, AKSTUR, VÉLAR OG FLEIRA

Verktaki skal, nema annað komi fram í gr. „0.5.2 Framlag verkkaupa“, leggja til og kosta öll áhöld, vélar, vinnupalla, keyrslubrautir, verkfæri, ljós, hita og orku, sem til þarf við framkvæmdirnar, enn fremur allan flutning á mönnum, tækjum og efni.

0.7.4 UMHIRÐA Á VINNUSTAÐ

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað, vinnuskúrum og á lóðum sé ávallt góð og skal verktaki fara eftir fyrirællum eftirlitsmanna þar að lútandi.

Um almenna umgengni og umhirðu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 4.2 í ÍST 30.

0.7.5 ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum.

Verktaki skal gæta ytrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við umsjónarmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir umsjónarmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera, m.a. vegna umferðar við vinnustað. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum, þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig viðhafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi umsjónarmanna og skv. skilmálum váttryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitustofnunum skal fylgt í hvívetna.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996), sem tóku gildi 1. janúar 1997.

0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS

0.8.1 VERKSTJÓRN VERKTAKA, DAGBÓK OG VERKFUNDIR

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta reglulega á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir eru ritaðar af eftirlitsmanni verkkaupa og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum.

0.8.2 GÆÐI VERKSINS

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í grein 4.3 í ÍST 30.

Öll vinna og allur frágangur verksins skulu vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Fagvinna skal unnin af fagmönnum og skal verktaki skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna sé þess óskað.

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesta gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Eftirlitsmaður getur sett tímatakmark um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram.

0.8.3 EFNISVAL OG VINNUAÐFERÐIR

Bjóðandi skal miða tilboð sitt við þá efnis- og vinnuliði sem útboðsgögn gera ráð fyrir. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsmann, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3 í ÍST 30. Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.4 MÁLSETNINGAR OG MÆLINGAR

Mælingar á hverjum verkþætti skal innifalinn í verklíð í tilboðsskrá. Raunmæla skal alla þá verkþætti sem boðið er í tilboðsskrá.

0.8.5 SÝNISHORN OG PRÓFANIR

Verktaka er skylt að leggja fram sýnishorn af efnum eins og krafist er í verklýsingu það tímanlega að eigi valdi töfum á framkvæmdum. Einnig er honum skylt að gera sýnishorn af vinnu og prófanir á efni að beiðni verkkaupa. Verktaka er skylt að aðstoða eftirlit við eftirprófanir á efni og vinnu. Framleiðsla og framlagning sýnishorna og aðstoð við eftirprófanir skal vera verkkaupa að kostnaðarlausu.

Nánari ákvæði um þessi atriði er að finna í verklýsingu.

0.8.6 SAMSKIPTI VIÐ YFIRVÖLD

Á ekki við í þessu verki.

0.8.7 VERKLOKAÚTTEKT

Almennum kröfum um framkvæmd verklokaúttektar er lýst í grein 4.4 í ÍST 30.

Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa skriflega hvenær verklokaúttekt geti farið fram. Þegar það er gert eiga verktaki og eftirlitsmaður að vera búnir að yfirfara verkið til þess að ekki þurfi að koma til annarrar úttektar. Ef boða þarf til annarrar úttektar skal verktaki greiða kostnað verkkaupa sem til fellur vegna hennar. Það getur gerst ef verkinu er verulega ábótavant. En ef það koma fram smávægilegar athugasemdir skal eftirlitsmaður tilkynna þeim, sem viðstaddir voru úttektina skriflega þegar þær hafa verið lagfærðar án þess að farið sé í aðra formlega úttekt.

Við verklokaúttekt yfirfara fulltrúar verkkaupa og verktaka (auk undirverktaka þar sem við á) allt verkið. Telji eftirlitsmaður verkkaupa að eitthvað sé vangert eða að úrbóta sé þörf, skal hann að lokinni úttekt án tafar afhenda verktaka orðsendingu (úrbótalista) um öll atriði sem lagfæra þarf.

Verkinu telst lokið þegar eftirtöldum atriðum hefur verið fullnægt:

- Að verktaki hafi lokið framkvæmdum í samræmi við útboðsgögn.

Hafi framangreind atriði verið staðfest sem fullafgreidd við verklokaúttektina skal verkkaupi gefa út án tafar vottorð um verklokaúttekt, svonefnda úttektargerð, og telst hann þá hafa tekið við verkinu frá úttektardegi að telja og hefst þar með ábyrgðartími verksins. Sé hinsvegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar skal það metið af fulltrúum verkkaupa og greiðslu fyrir viðkomandi atriði haldið eftir. Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum, sem talin eru ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar staðfesting eftirlitsmanns verkkaupa er fengin fyrir að hann hafi lokið viðkomandi verki.

Um dulda galla eða annað sem kann að yfirsjáast við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði greinar 4.5.6 í ÍST 30.

Fyrir lok ábyrgðartímans, sem er 1 ár, mun fulltrúi verkkaupa ásamt fulltrúum verktaka yfirfara allt verkið, en almennum ákvæðum um ábyrgð á verki er lýst í greinum 4.4.11 og 4.5 í ÍST 30.

0.8.8 MEISTARASKIPTI

Komi til meistaraskipta á verk tíma skal það gert í samræmi við eftirlitsaðila verkkaupa, skal þá tekin stöðuúttekt samanber kröfum byggingarreglugerðar.

0.9 TEIKNINGASKRÁ

Á ekki við í þessu verki.

0.10 FYLGISKJÖL

0.10.1 FORM VERKTRYGGINGAR

VERKTRYGGING

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist bærarstjóranum í Garðabæ, f.h. Garðabæjar, sem verkkaupa greiðslu á allt að kr. upphæð í tölustöfum,- upphæð í bókstöfum- 00/100, sem tryggingu fyrir því, að nafn verktaka kt:..... inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við verkið „Viðhaldsverk á ytra byrði Flataskóla sumarið 2023”, skv. útboðsgögnum og verksamningi.

Verktrygging þessi er **10 %** af samningsfjárhæð, í samræmi við ákvæði í verksamningi og skal standa óbreytt þar til lokaúttekt hefur farið fram, en lækkar þá í **4 %** af samningsfjárhæðinni að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum ef verksamningur er verðbættur, og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar, enda hafi verkkaupi tekið við verkinu í viðurkenndu lagi.

Óheimilt er að lækka eða fella þessa verktryggingu niður nema að fenginni skriflegri heimild þar að lútandi frá bærarverkfræðingi Garðabæjar. Gildir það jafnt þó að tólf mánuðir séu liðnir frá lokaúttektardegi.

Verkkaupi getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram koma á verki verktaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamnings og skal greiðslan fara fram innan 14 daga frá því að hennar er krafist.

Staður,dagsetning, ár. _____

Nafn tryggingafélags eða banka

undirskrift og stimpill

Vitundarvottar:

0.10.2 VERKMAPPA

Á ekki við í þessu verki.

0.10.3 GÖGN AFHENT Á VEF GARÐABÆJAR

Útboðsgögn:

- Útboðs- og verklýsing – Tilboðsbók (pdf)
- Tilboðsskrá (Excel)

1 VERK OG EFNISLÝSINGAR

1.1 ALMENNT UM VERKIÐ

Verkefnið snýr hélt að alhliða viðhaldi á ytra byrði í hlutum 3, 4, 6, og 7 í Flataskóla, staðsettur á Vífilsstaðavegi, 210 Garðabæ, sjá nánar á yfirlitsmynd hér að neðan. Einnig er óskað eftir tilboði í verkþætti sem snúa að endurbótum innanhús sem og viðgerðum innanhús eftir gluggaísetningu. Mannvirkið er byggt á sjö mismunandi árum og eru því einstakir byggingar hlutar og eldri álmur ekki eins uppbyggðir má þá nefna t.d. útveggir eru almennt steinsteypa samlokueiningar en einnig eru sumir hlutar mannvirkisins staðsteyptir útveggir sem eru einangraðir að innan með múrhúð þar á. Ytra byrði í öllum hlutum mannvirkisins eru komnir yfir sinn viðhaldstíma en ástandið þó mismunandi eftir byggingarhlutum. Aðkallandi viðhaldspættir á ytra byrði eru eftirfarandi: Gluggaskipti, sprunguviðgerðir, steypu- og múrviðgerðir, endurnýjun á þéttiefnum milli eininga, háþrýstiþvottur fyrir sílanburð á steinsteypu og nýtt málningarkerfi á steinsteypu sem og á þakjárn. Á lóð þarf að jarðvegskipta jarðveg við hús, koma fyrir jarðveg og drenlagnir á afmarkað svæði, lagfæringar á þakrennum og niðurföllum og skipta úr þaktúðum ásamt viðgerðum á þaki. Þá er einnig leitað tilboða í mögulegar endurbætur innahús en þar stendur til að skipta út gólfdukkum og kerfislofta plötum á afmörkuðum svæðum.


Við framkvæmd verksins skal fara eftir verklýsingum framleiðanda sem og verklýsingum, sérlýsingum sem hér fylgja, komi um ósamræði milli verklýsinga sér verkkaupi um að samræma lýsingarnar.

Hreinlæti er mikilvægt á verktíma bæði á lóð og innanhús, allt efni sem fellur til vegna framkvæmda, s.s múr, steypubrot, járn, timbur, gler og annað rusl sem fellur til skal komið fyrir í gámum sem reglulega skal tæma í losunarstað hjá sorpeyðingarstöð. Verktaki skal standa straum af öllum kostnaði vegna þessa, bæði vegna flutnings og förgunar.

Í byrjun og í lok verktíma er starfsemi í leikskóla í gangi, leikskólinn er í tímabundnu húsnaði á lóð. Mikilvægt er að loka leikskóla og leiksvæði af frá framkvæmdarsvæðinu og gæta þess að raska ekki öryggi barnanna.

Verkkaupi hefur nú þegar keypt gluggana og eru þeir í geymslu, er því einungis leitað tilboða í rif, förgun, ísetningu og fullar frágang umhverfis 175 glugga.

Hver verkliður verður raunmældur í verklok og greitt eftir raunmælingu, magn í tilboðsskrá sem er fylgiskjal með útboðsgögnum þessum telst því mat.



1.1.1 AÐSTAÐA, GEYMSLUSVÆÐI OG VARNIR

1.1.2 AÐSTAÐA

Verktaki fær til umráða vinnusvæði á lóð skólans fyrir vinnupalla, vinnuskúra, ruslagáma, lyftur og annan nauðsynlegan búnað sem þarf til að geta unnið verkið. Nánar fyrirkomulag á útfærslu aðstöðu og vinnusvæðis skal verktaki útfæra í fullu samráði við verkkaupa og eftirlitsaðila hans.

Verktaki skal koma fyrir snyrtilegum vinnuskúr fyrir starfsfólk sitt, verkfundaaðstöðu og geymsluskúr fyrir efni og verkfæri á lóðinni. Verktaki leggur sjálfur til vinnu- og geymsluskúra, setur þá upp og flytur burtu að verki loknu.

Verkkaupi leggur ekki til salernisaðstöðu fyrir starfsmenn verktaka.

Verktaka ber að ganga snyrtilega um vinnusvæðið. Verktaki skal koma fyrir gámi eða gámum í samráði við verkkaupa, fyrir rusl efnisafganga og annað sem fellur til vegna verksins. Verktaki sér um og kostar losun, förgun og alla umhirðu þeirra. Hreinsa skal rusl daglega af vinnusvæðinu og verkpöllum ásamt aðstöðu. Verktaki skal sjá um að kosta lokun vinnusvæðis og skal það gert í fullu samráði við eftirlitsmenn.

Girða skal utan um aðstöðusvæði og vinnusvæði verktaka með lausum/færanlegum 2m háum girðingum. Gerð er krafa um að verktaki ljúki uppsetningu girðingar á hverjum stað fyrir sig áður en viðgerðarvinna hefst og girðingar skulu teknar niður um leið og verkhluta er lokið. Girðingar skulu vera samfelldar utan um vinnusvæði og merktar sem vinnusvæði verktaka með áberandi varúðarmerkingum. Girðingar skulu vera vel festar og frágengnar svo ekki sé hætt á að þær falli, fjúki eða valdi skemmdum. Allt efni, vélar/verkfæri, gámar og annað sem tengist verkinu skulu vera innan afgirts svæðis og svæði skal vera lokað og læst þegar verktaki er ekki á verkstað.

Gerð er krafa um að í lok hvers vinnudags skal ætíð hreinsa vinnusvæðið og loka aðgangi að vinnusvæði og vinnupöllum. Að loknum framkvæmdum skal verktaki fjarlægja allar varnir og skila svæðinu og umhverfi skólans snyrtilegu og í a.m.k. jafngóðu ástandi og það var í verkbyrjun.

Magntölur:

Magntala er heild fyrir gerð og rekstur aðstöðu. 30% verða greidd þegar aðstaða er komin upp, 40% verða greidd með jöfnum greiðslum yfir verktímabilið og 30% verða greidd í verklok.



1.1.3 VERKPALLAR

Verktaki skal koma upp þeim verkpöllum sem þarf til að geta fullunnið verkið. Verktaki leggur sjálfur til verkpalla, setur þá upp og flytur burtu að verki loknu. Verktaka er heimilt að nota fasta palla, hjólapalla, skotbómu- eða skæralyftur eða aðra þá verkpalla sem hann telur henta í verkið þó þannig að þeir hafi ekki varanleg áhrif á umhverfið eða hindri almenna starfsemi í húsinu og þeirra sem erindi eiga í húsið. Val á verkpöllum skal vera þannig að fyllsta öryggis sér gætt og ekki sé fallhætta til staðar. Verkpallar skulu vera lokaðir upp í 3m. hæð, frá jörðu, þannig að enginn eigi auðveldlega leið um þá. Allir pallar skulu vera með neti.

Verkpallar skulu þannig byggðir að þeir séu í samræmi við og uppfylli kröfur reglugerða Vinnueftirlits ríkisins og byggingarreglugerð. Verktaki skal sjá um að fá úttektir á verkpöllum hjá Vinnueftirliti ríkisins og standa af því kostnaði og hafa skal fullt samráð við eftirlitsmann verkkaupa um gerð og smíði verkpalla. Verktaki skal bregðast hratt og vel við öllum athugasemdum sem kunna að verða vegna uppsetningar, gerðar og tilhögun verkpalla. Allar vinnulyftur og tæki sem notuð eru í verkið skulu vera skoðaðar og í góðu ástandi. Leitast skal samþykkis eftirlits fyrir notkun allra tækja og búnaðar á verkstað.

Verktaki skal sjá til þess að ekki verði skemmdir á gróðri vegna verkpalla meðan á framkvæmd stendur. Verktaki ber ábyrgð á að skila lóð og umhverfi skólans í sambærilegu ástandi og það er í þegar framkvæmdir hefjast. Á stéttar og steipt plön fyrir neðan og undir verkpöllum skal breiða yfirbreiðslur þannig að ekki verði skemmdir vegna verksins. Verktaki skal bera fulla ábyrgð á öllum skemmdum sem verða á verktímanum og skal bæta úr þeim á sinn kostnað.

Mælt er til að verktaki kynni sér og notist við fræðslu- og leiðbeiningarrit nr. 5a 2007 Öryggi á byggingarvinnustað og fræðslu- og leiðbeiningarrit nr. 34 Vinna í hæð sem Vinnueftirlitið gefur út.

Magntölur:

Magntala er heild fyrir verkpalla. 40% verða greidd þegar pallar eru komnir upp, 40% verða greidd með jöfnum greiðslum á verktíma og 20% verða greidd í verklok.

1.1.4 GEYMSLUSVÆÐI OG VARNIR

Verktaki skal sjá um að koma upp allri vörslu sem nauðsynleg er vegna verksins, meðan það stendur yfir. Verktaki skal sjá um allar yfirbreiðslur sem nauðsynlegar eru og aðrar varnir sem tilheyra verkinu. Leita skal samþykkis eftirlitsmanns varðandi yfirbreiðslur og varnir, en það firrir verktaka þó ekki ábyrgðinni. Sérstaklega skal á það bent að við sögun, brot og rif sé þess vandlega gætt að byggingahlutar sem neðar liggja, svo sem stétt eða tröppur verði ekki fyrir skemmdum frá fallandi byggingarhlutum eða öðrum fylgihlutum.

Að loknum framkvæmdum skal verktaki fjarlægja allar varnir og skila svæðinu og umhverfi hússins snyrtilegu og í a.m.k. jafngóðu ástandi og það var í verkbyrjun.

Magntölur:

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þennan lið heldur skal hann innifalinn í öðrum liðum eftir því sem við á.

1.1.5 VARNIR GLUGGAOPA Á FRAMKVÆMDARTÍMA

Ávallt skal gæta þess að skipt sé út gluggum samdægurs og eldri gluggar eru fjarlægðir úr byggingarhlutum. Þá skal einnig ljúka við ytri þéttingar á ísettum glugga fyrir verklok hvers dags. Komi til rigningarveðurs á meðan verið er að rífa glugga úr skal veðurverja opið annaðhvort með segldúk og grind í kringum opið eða segldúk á vinnupalla eftir því sem á við.

Að innan skal rykverja gluggaopið á meðan niðurrifum stendur til forvarnar á því að óhreinindi og ryk leiti inn í íverurýmín.

Magntölur:

Magntala er heild af uppsetningu, viðgerðum, niðurtekt og förgun á veðurhlíf. Innifela skal allt efni og vinnu sem þarf og nauðsynlegt er til að ljúka verkþættinum að fullu.

1.1.6 FLUTNINGUR OG FÖRGUN Á EFNI

Allt efni sem fellur til vegna framkvæmdanna skal vera þrifið fyrir verklok hvers dags og komið fyrir í viðeigandi gámum. Gámar skulu svo tæmdir jafnt og þétt á losunarstað hjá viðeigandi sorpeyðingarstöð. Verktaki skal standa straum af öllum kostnaði vegna þess.

Magntölur:

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þennan lið heldur skal hann innifalinn í öðrum liðum eftir því sem við á.

1.2 GLUGGAR

Verkkaupi hefur fest kaup á gluggum og hefur þá í geymslu. Í heild eru þetta

- 12 stk. í norðurhluta (hluti 6) 1. hæð
- 18 stk. í norðurhluta (hluti 6) 2. hæð
- 14 stk. í austhluta (hluti 4) 2. hæð

Allir gluggar nema tveir eru 2 metrar á breidd. Og er meðalhæð reiknuð 1.5 metrar.

1.2.1 RIF, FÖRGUN OG ÍSETNING GLUGGA.

Eins og áður kemur fram hefur verkkaupi nú þegar fest kaup á gluggum og eru þeir í geymslu. Hér er því leitað tilboða í rif, förgun, ísetningu glugga ásamt fullum frágangi í kringum nýrra glugga.

1.2.2 RIF OG FÖRGUN

Í samráði við eftirlit þá skal rífa og farga gluggum ásamt þéttingum, öllum búnaði og frágangslistum. Kantar skulu undirbúnir fyrir nýjar þéttingar. Núverandi ísettir gluggar eru líklega mismunandi ísettir í byggingarhluta en allir gluggar eru úr timbri. Fjarlægja skal girði í samráði við eftirlitsmann. Eftir að gluggi hefur verið rifinn skal gæta þess að hægt sé að koma nýjum glugga í opið samdægurs og þannig koma í veg fyrir rakaskemmdir á byggingarhlutum á framkvæmdar tíma. Gæta þarf þess að umhverfi gluggans eftir rif myndi pláss til að koma fyrir innri og ytri kítisþéttingu gluggans, um 10-20mm bil. Innifalið í rífi glugga eru öll rif, öll hreinsun og allar tímabundnar lokanir og þéttingar. Glugga skal fjarlægja og skal verktaki sjá um förgun á öllu efni sem til fellur sbr. lýsingu um brottflutning á efni.

1.2.3 ÍSETNING GLUGGA OG HURÐA

Glugga ísetning skal eiga sér stað utanfrá þar sem ryklokun skal vera í íverurýmum til að fyrirbyggja að óhreinindi leiti inn í mannvirkið.

Nota skal stilli karmhólka (adio fix) 38 mm löngum til að stilla gluggann í lóð og bora og skrúfa steinskrúfur þar í gegn svo þær nái a.m.k. 32 mm inn í stein. Loka skal borgatínu fyrir stilli karmhólkana með viðeigandi plastloki úr lit sem tónar við litaval glugga. Aldrei skulu vera færri en tvær festingar á hvert karmstykki og að hámarki mega vera 500mm á milli festipunkta þá skal hver festing vera 150-200 mm frá hornum glugga. i. Glugginn skal afréttur í fari og festingar frágengnar áður en aðrar þéttingar með karmi eru framkvæmdar. Bilið milli karms og steins skal vera sem jafnast allan hringinn og vera u.þ.b. 10 – 15mm með hámarki 5mm skekkju á hvert karmstykki. Fylla skal með steinull á milli karms og steins, en þó þannig að nægjanlegt pláss verði fyrir bakfyllingu og ytri þéttingu.

Opnanleg fög skulu vera ísett og full frágengin og tilbúin til notkunar. Skal frágangur opnanlegra faga standast gildandi kröfur byggingarreglugerðar er þar með talið, lamir, stormjárn og annar búnaður sem á við og kemur með gluggum.

RB – blað, Ísetning á gluggum og hurðum í útveggi. Rb (31) 130.

1.2.4 ÞÉTTINGAR MEÐ GLUGGUM

Eftir að glugginn hefur verið settur í, stilltur af og festur skal þetta milli karms og steins að innan sem og utan með teygjanlegu fúgufylliefni (kítii), beggja vegna skal vera bakstuðningur (pylsa) og þar á milli steinullar einangrun.

Þetta skal utan með glugga (ytri þétting) með pólýurethan kíttri sem dregið er í húlkíl. Þéttingin skal staðsetjast rétt fyrir innan frambrún gluggakarma eða drenrauf gluggakarms eftir því sem á við. Grunna skal undir kíttri með viðeigandi grunni sem er viðurkenndur af kíttrisframleiðanda þess kíttris sem notað er. Innan við kíttri skal setja bakfyllingu (pylsu) til stuðnings og afmörkunar á kíttrifúgu. Að innan skal koma fyrir bakstuðning (pylsu) fyrir kíttri eftir að einangrun hefur verið sett í bilið, grunna undir kíttrið með viðeigandi grunni. Eftir atvikum gæti þurft að lagfæra bili milli karms og steypu með múrviðgerð til að lagfæra eftir rif.

1.2.5 LAGFÆRINGAR UMHVERFIS GLUGGA AÐ UTAN OG INNAN

Liður þessi felur í sér lagfæringar að utan og innan við glugga eftir að ísetning og þéttingum meðfram gluggum er lokið. Frágangurinn er mismunandi eftir aðstæðum en mikill meirihluti lagfæringa á sér stað í samlokueiningum.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m). Innifalið í liðnum er allur frágangur umhverfis glugga að utan og innan.

1.2.6 SLAGVEÐURSPRÓFUN GLUGGA OG ÍSETNINGU

Framkvæma skal slagveðurprófun á völdum gluggum eftir að ísetningu og þéttingu á völdum gluggum er lokið. Þá skal athuga samskeyti glugga, frágang við aðliggjandi byggingarhluta og frágang glugga og þéttingar í samráði við fulltrúa verkkaupa.

Gerð er krafa um að gluggar sem heild standist próf gagnvart vatnsleka jafnvel þó að einstakir staðlaðir kerfishlutar hafi staðist prófanir. Prófa skal með stöðugum þrýstingi (static pressure) og með breytilegum þrýstingi (dynamic condition of air pressure).

Eftirlit verkkaupa skal vera viðstaddur við slagveðurprófun og samþykkja aðferð prófunar.

1.2.7 VARNIR GLUGGA

Eins og áður er nefnt skal rykloka glugga op að innan og ef framkvæmt er gluggaskipti í rigningu skal veðurverja gluggaopið að utan á framkvæmdartíma.

Gæta skal sérstaklega að því að verja yfirborð á gluggum fyrir rispum og skemmdum á verk tíma.

Verktaki skal gera grein fyrir hvernig hann stendur að vörnum á gluggum. Verja skal glugga og gluggaop fyrir veðri og vindum og koma í veg fyrir að vatn komist inn í húsið. Í lok hvers vinnudags skal ætíð gluggaísetning vera lokið og gluggar þéttir að utan svo að þau glugga op séu veður- og mannheld. Allar skemmdir sem kunna að verða af völdum verktaka eða manna á hans vegum skal verktaki lagfæra á sinn kostnað, í samráði við eftirlitsmann. Að loknum framkvæmdum skal verktaki fjarlægja allar varnir og ganga frá festingum og/eða skemmdum vegna þeirra.

Fyrir skil á verklið skal ganga skal frá öllum festingum, þéttilistum og frágangsfellum strax eftir ísetningu á glugga og gleri og hreinsa glugga og gler að utan og innan með viðkenndum aðferðum og í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.

Magntölur:

Ekki er greitt sérstaklega fyrir þennan lið heldur skal hann innifalinn í öðrum liðum eftir því sem við á.

1.3 STEYPU- OG MÚRVIÐGERÐIR Á ÚTVEGGJUM

1.3.1 HÁÞRÝSTIÞVOTTUR

Liður þessi felur í sér að háþrýstiþvo steypa fleti. Fjarlægja skal alla lausa málningu og óhreinindi af fletinum þannig að hann verði tilbúinn fyrir endurmálun.

Verkið skal unnið á eftirfarandi hátt:

- Verja allt umhverfið þannig að háþrýstiþvotturinn valdi ekki skemmdum.
- Miðað skal við þann þrýsting að málningarkerfi sé fjarlægt af yfirborði steypu og steypa tilbúin fyrir nýtt málningarkerfi.

- Hreinsun miðast við að hreinsa alla lausa og skemmda málningu af fletinum svo og óhreinindi og ryðtauma.
- Hreinsa burt allt rusl, málningu og önnur ummerki eftir háþrýstipvottinn.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu eða í annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, rýrnun á efni, þrif á aðliggjandi flötum o.þ.h.

1.3.2 SPRUNGUVIÐGERÐIR

Verk þetta felur í sér að saga upp og gera við sprungur, sem ákveðið er að gera við, án þess að nota við það teygjanlegt fúguefni sem verkkaupi samþykkir..

VIÐGERÐIR MEÐ MÚR:

Verkið skal vinna á eftirfarandi hátt:

- Saga í sprunguna U-laga fúgu, 8 mm.. breiða og 10 mm. djúpa.
- Hreinsa ryk og önnur óhreinindi úr fúgunni með hreinu köldu vatni eða þrýstilofti, fríu við olíu.
- Væta fúguna 12-14 klst. áður en viðgerð hefst, án þess að vatn sé sýnilegt í henni, þegar viðgerð hefst, eða grunna fúgur með þeim grunni sem framleiðandi fúguefnis mælir með og skal þá fara eftir forskrift hans um efni og verklag.
- Þá skal kústa fúguna með þynntu múrviðgerðarefni og fylla fúguna með tilbúinni múrviðgerðarblöndu (t.d. ÍMÚR Fin viðgerðarblanda eða samsvarandi) og þússa í samræmi við yfirborðið í kring.
- Við framkvæmd verksins skal fara eftir fyrirmælum framleiðenda efnisins og verklýsingum þeim sem hér fylgja. Falli þær ekki saman mun eftirlitsmaður verkkaupa samræma þær.
- Framkvæma þá eftirmeðhöndlun sem framleiðandi mælir með t.d. varðandi þurrktíma, rakastig o.þ.h.

1.3.3 SPRUNGUVIÐGERÐIR MEÐ INNDÆLINGU

Sýnilegar eru djúpar sprungur í plötuskilum og við einstaka glugga ásamt öðrum stöðum sem og stöðum sem gætu komið í ljós á framkvæmdartíma. Þær sprungur þarf mögulega að dæla í með epoxy efnunum, eftir aðstæðum þarf að taka afstöðu til þess hvaða epoxy efni er best að nota að hverju sinni.

Við framkvæmd á inndælingu skal gæta þess að bora nippla í 45° á sprungur og gæta þess að bil á milli nippla sé ekki of mikið. Hreinsa skal borsárið með inndælinga á vatni bæði til hreinsunar og til að væta sprunguna. Því næst skal dæla inn völdum epoxy fylliefnum.

Við framkvæmd á inndælingu skal vera reyndur aðili og skal hann bera efnisval undir eftirlitsaðila verkkaupa til samþykktar.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (lm) þar sem lengd undir 0,2 m reiknast sem 0,2 m. Til að magn sé samþykkt þarf að liggja fyrir fyrirfram gert samþykki verkkaupa fyrir viðgerðinni. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna rýrnunar efnis og förgunar, nema annað sé tekið fram.

1.3.4 STEINBROT OG MÚRVIÐGERÐIR

Líklega kemur til steypubrotta og viðgerða á afmörkuðum svæðum á framkvæmdartíma. Þess skal vandlega gætt að valda ekki tjóni, s.s. sprungumyndun á burðarvirki eða að ryk og óhreinindi sem af

Því stafar valdi ekki óþrifum eða tjóni á næsta nágrenni. Gæta skal að legu lagna, niðurfalla o.þ.h. sem fyrir eru og gæta þess að slíkt skemmist ekki við vinnu þessa. Ef það gerist ber verktaka að bæta úr því á sinn kostnað. Gæta skal fyllsta öryggis og að starfsmenn noti öryggisútbúnað.

Fjarlægja skal öll brot jafn óðum í viðeigandi gáma.

Á svæðin sem brjóta þarf skemmda steypu skal fara strax í múrviðgerðir og þær viðgerðir yfirborðsmeðhöndlaðar og rakavarðar um leið og rakastig í viðgerð leyfir.

Viðgerðin á við þar sem búið er að fjarlægja málningu og sementsæðu og rífa upp yfirborðið með sandblæstri, háþrýstíþvotti með málningaruppleysi eða hita eða samsvarandi. Notuð er tilbúin múrviðgerðarblanda t.d. ÍMÚR Þéttimúr eða sambærilegt viðgerðarefni sem eftirlitsmaður verkkaupa samþykkir. Þéttimúr er sementsbundið og vatnsfælið efni, blandað pólýmer.

Hér er ekki um að ræða stærri viðgerðir. Forðast skal veðurskilyrði þar sem saman fara sólskin og vindur og ekki má vera lægra hitastig en +5°C við vinnu þessa. Veðurskilyrði verða að uppfylla framangreind skilyrði áfram næstu tvo sólarhringana eftir útlögn.

Verkið skal vinna á eftirfarandi hátt:

- Hreinsa steypusárið og fjarlægja allar lausar steypuflögur og fyllingarefni með meitli og vírbursta og skola með köldu vatni eða blása með olíufríu þrýstilofti.
- Meðhöndla skal steypusárið samkvæmt fyrirmælum framleiðenda múrblöndunnar, bleyta með vatni eða grunna með ÍMÚR Múrgrunni. Ef notað er vatn skal flötur vera sem næst rakamettur en samt þurr á yfirborði. Ef notaður er múrgrunnur skal grunnurinn vera orðinn þurr áður en þéttimúrin er settur á flötinn.
- Heildraga tilbúna múrblöndu og framkvæma viðgerðina samkvæmt fyrirmælum framleiðenda múrblöndunnar, með fullu tilliti til íslenskra aðstæðna og í samráði við verkkaupa. Lágmarksþykkt viðgerðar sé samkvæmt fyrirmælum framleiðanda en þó ekki undir 1 mm.
- Ganga skal frá viðgerðinni í samræmi við yfirborðið í kring.
- Framkvæma þá eftirmeðhöndlun sem framleiðandi mælir með t.d. varðandi þurrktíma, rakastig o.þ.h.

Hvað skal gera við á þennan hátt skal bera undir eftirlitsmann verkkaupa sem tekur ákvörðun um það. Ef það ferst fyrir þá getur eftirlitsmaður látið endurtaka viðgerðina og jafnframt verður það þá ákvörðun hans hvaða magn skuli greiða fyrir verkið.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eða nettó lengdarmetrum (lm) þar sem lengd undir 0,2 m eða 0,2 m² reiknast sem 0,2 m eða 0,2 m². Til að magn sé samþykkt þarf að liggja fyrir fyrirfram gert samþykki verkkaupa fyrir viðgerðinni. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna rýrnunar, efnis og förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim undir öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið svo sem á gleri, aðliggjandi flötum o.þ.h. ef um er að ræða.

1.3.5 ENDURNÝJUN Á ÞÉTTIEFNUM Á MILLI FORSTEYPTRA EINGA

Þéttiefni á milli forsteyptra eininga þarf að endurnýja. Skera, fjarlægja og hreinsa þarf gömul þéttiefni í burt og hreinsa sár á milli eininga svo hægt sé að koma fyrir nýjum þéttingum. Undir ný þéttiefni þarf að grunna skv. forskrift birgja.

Verktaki þarf að bera efnisval þéttiefna undir eftirlitsaðila verkkaupa.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (lm). Verð skulu miðast við fullfrágengnar þéttingar á milli forsteyptra eininga.

1.4 MÁLNINGARKERFI

1.4.1 SÍLANBÖÐUN OG ENDURMÁLUN STEINSTEYPPRA ÚTVEGGJA

Alla fleti utanhúss skal mála, að loknum viðgerðum á steypu með einni umferð af vatnsfælu og síðan með plastmálningu samkv. magnskrá og efnis- og litaskrá, sem hér segir:

Alla fleti utanhúss skal mála með einni umferð af vatnsfælu sem hér segir:

- Hreinsa burtu óhreinindi og lausa og flagnandi málningu, ef um er að ræða viðgerðir á gömlu.
 - Bera 40% monosílan á flötinn þannig að fljótandi himna myndist á veggnum og skal þess vandlega gætt að hvergi verði blettir útundan. Æskilegt er að sprauta efninu á með mjög lágum þrýstingi, þvert yfir lóðréttu fleti, með 20-30 cm millibili. Lárétta eða lítt hallandi fleti skal sílanbaða ríkulega. Ekki má bera efnið á heitan flöt móti sólu eða í rigningu. Flöturinn skal vera þurr til að ná sem mestu ísogi. Efnið má ekki koma í snertingu við vatn eða vatnsgufu fyrir notkun.
 - Fari monosílan á gler, tré eða aðra staði, þar sem ekki á að nota efnið, skal hreinsa það strax af með spritti eða öðrum þar til gerðum hreinsiefnum. Myndist þókar í málningu sem fyrir er, ef um er að ræða viðgerðir á gömlu, eða brúnir hennar verpið, skal skafa lausu málninguna burtu og sílanbaða þann flöt aftur.
 - Efnisnotkun skal vera 0,2 - 0,4 l/m² miðað við sléttan flöt. Ef sprungur eru í yfirborði flatar skal bera minnst 0,4 l/m². Eftir að búið er að sílanbaða ákveðinn flöt skulu líða amk. 4-6 klst áður en vatn má komast í snertingu við flötinn.
 - Ekki skal sílanbaða við lægra hitastig en 5 gr.c, eins skal flöturinn sem sílanbaða á, að vera minnst 3 gr.c yfir daggmörkum loftsins meðan á sílanböldun stendur og þornun.
- Mála með plastmálningu af þeirri gerð sem velur eða verktaki ber undir verkkaupa. Fjöldi umferða skulu vera tvær til þrjár til að ná þeirri þykkt sem hér segir. Efnisnotkun skal í fyrstu umferð vera um 0,17 l/m² miðað við sléttan flöt og þurrfilmþykkt skal vera 75 mikron. Efnisnotkun seinni umferða skal vera um 0,12 l/m² miðað við sléttan flöt og þurrfilmþykkt skal vera a.m.k. 115 mikron. Lárétta og hallandi fleti eins og steinkanta og vatnsbretti glugga, skal loka með vatnspéttandi efni áður en málun hefst, t.d. þykkhúð eða Xypex efni.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, rýrnun á efni, kverkar, skurði, þrif á gleri og aðliggjandi flötum o.þ.h. ef um slíkt er að ræða.

1.4.2 MÁLUN NÝRRA ÞAKKANTA

Verkið skal unnið á eftirfarandi hátt:

- Skafa og slípa burtu alla lausa og flagnandi málningu af fletinum, svo og önnur óhreinindi. Verktaki láti eftirlitsmann vita hvort bera skuli viðarskol á flötinn að hans mati, sjá lýsingu hér að neðan á því hvernig það skuli unnið.
- Þar sem slípað er niður í beran við, skal metta viðinn með terpentínþynnalegri alkíðolíu grunnviðarvörn með 5-15% þurrefnisinnihaldi. Til að metta viðinn getur þurft að bera á fleiri en eina umferð. Umframolíu sem ekki gengur inn í viðinn skal þurrka af með klút. Áður en málun hefst skal rakinn í viðnum vera minni en 18%.
- Mála skal tvær umferðir með þekjandi terpentínþynntri alkíðolíu viðarvörn. Efnisnotkun um 0,12 l/m² per umferð. Þurrfilmþykkt einnar umferðar sé 30-35 mikron. Endanleg þurrfilma skal vera a.m.k. 60 mikron.
- Á álagsfleti svo sem botnfalslista lárétta pósta og neðsta karmstykki skal mála þriðju umferð, þannig að endanleg þurrfilmþykkt sé a.m.k. 90-100 mikron á þessum stöðum.

- Ef járn er í fletinum, (t.d. skrúfur, lamir, gluggajárn o.þ.h.) sem er farið að ryðga, skal ryðhreinsa það og grunna með ryðvarnargrunni áður en málað er.

Viðarskol á tréverk.

Ef kominn er grámi eða sveppagróður í timbur, án þess að um fúa sé að ræða, skal hreinsa viðinn með viðarskoli. Þetta skal gera á eftirfarandi hátt:

Pensla eða sprauta viðarskoli á flötinn, eftir að búið er að skafa burtu alla lausa og flagnandi málningu. Viðarskolinn látinn virka í 15-30 mínútur og þá skolaður af. Ákvörðun um hvort og þá hvar skuli nota viðarskolinn skal tekin af eftirlitsmanni verkkaupa.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (lm). Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna rýrnunar efnis og förgunar. Þá skulu verðin innihalda þrif á umhverfi eftir verkið svo sem á gleri, aðliggjandi flötum o.þ.h. ef um er að ræða.

1.4.3 MÁLUN ÞAKS

Bárujárn allra byggingarluta utanhúss skal mála samkvæmt magnskrá og efnis- og litaskrá, sem hér segir:

- Bárujárn skal þrifa vel, grunna með bitætigrunni, efnisnotkun um 0,1 l/m² og þurrfilmupykkt 15 mikron.
- Mála síðan skv. efnis- og litaskrá með tveimur umferðum af málningu. Efnisnotkun 0,12 l/m² per umferð og þurrfilmupykkt 50 mikron per umferð. Endanleg þurrfilmupykkt skal þannig vera 115 mikron a.m.k.
- Sé ryð sjáanlega í járninu skal ryðhreinsa járninu fyrir málun og ryðvarnargrunna.

Ekki skal mála við lægra hitastig en 5°C og skal flöturinn sem mála á vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins meðan á málningu stendur.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram, allt skal innifalið í lið til að fullklára verkið.

1.5 VIÐHALD ÞAKVIRKIS

1.5.1 ENDURNÝJUN ÞAKKANTA

Liður þessi felur í sér efni og vinnu við að smíða grind þakkants og klæða hann að fullu samkvæmt teikningum, bæði langhliðar og gafla eftir því sem við á. Tréverk skal vera gagnfúavarið og festingar heitgalvanhúðaðar ef annað kemur ekki fram á teikningum eða í magnskrá. Gæta skal þess að loftræsting inn á þakið sé í lagi þar sem það á við.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (lm). Verð skulu miðast við fullfrágengan þakkant sbr. og áður var. Málning þakkanta er ekki innifalinn í þessum lið.

1.5.2 LAGFÆRINGAR Á RENNUM OG NIÐURFÖLLUM

Ástand á rennum og niðurföllum er mismunandi og þarf að skipta út rennum og niðurföllum að hluta. Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir nýjum þakrennum í samræmi við magntöluskrá. Litur

og efni skal vera í samræmi við það sem nú er. Þess skal gæta að rennur hafi jafnan halla að niðurföllum.

Einstaka niðurföll þarf að lagfæra og skipta út. Litur og efnisval vera í samræmi við það sem áður var.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (lm). Verð skulu miðast við fullfrágengan þakkannt sbr. og áður var. Málning þakkanta er ekki innifalin í þessum lið.

1.5.3 ÞAKVIÐGERÐIR, ÞAKTÚÐUR OG SKOTRENNUR

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir kjölum, skotrennum og blikkköntum og skulu þessir hlutir vera úr sama efni og þakefnið og í sama lit nema annað sé tekið fram. Efnisþykkt skal vera 0,9 mm. Stærðir og gerðir þéttinga skulu vera að fyrirmælum framleiðanda og á ábyrgð hans.

Kjöljárn skal skal festa í hverja hábáru með tilheyrandi festingum. Taka skal tillit til hitaþenslu milli flasninga og platna.

Plötur sem fylgja þakktúðum skulu þannig gerðar að plata ná undir kjöljárna á mæni.

MAGNTÖLUR:

Magn skotrenna og blikkanta er gefið upp í nettó lengdarmetrum (lm) og endurnýjun á þakktúðum í (stk). Verð skulu miðast við fullfrágengan þakkannt sbr. og áður var. Málning þakkanta er ekki innifalin í þessum lið.

1.5.4 ENDURNÝJUN Á BÁRUJÁRNI

Liður þessi felur í sér rif og förgun á bárujárnri og borðaklæðningu eftir aðstæðum.

Rífa af þakklæðningu, rennur, sperrur eða annað sem fram kemur í magnskrá og fjarlægja. Þess skal vandlega gætt að ekkert skemmist við rífið og ef það gerist er á ábyrgð og á kostnað verktaka að gera við það. Skal þess sérstaklega gætt að ekki stafi slyshætta af þessari vinnu.

Rífa af borðaklæðningu þaks í samræmi við það sem fram kemur í magnskrá, fjarlægja og farga. Leggja til og koma fyrir nýrri borðaklæðningu í stað þeirrar sem var fjarlægð. Um er að ræða furuborð 25 x 150 mm. Heimilt er að nota borð sem hafa verið notuð sem mótaviður ef það er tekið fram í magnskrá og að borðin séu heil og óklofin. Klæðningin skal negld í hverja sperru með galvanhúðuðum saum 31/80.

Hvert borð neglist í hverja sperru í samræmi við eftirfarandi:

Á úthornum húss, 1,5 x 1,5 m.:	5 stk.
Meðfram útbrúnum húss, 1,5 m.:	3 stk.
Inni á þaki:	3 stk.

Borð skulu sett saman á sperrum og samsetningar skulu ekki vera fleiri en tvær í röð á sömu sperru og minnst eitt heilt borð á milli. Þess skal gætt að bil sé milli borða ef og þar sem það er sýnt á teikningum.

Þess skal vandlega gætt að ekkert skemmist við vinnu þessa og ef það gerist er á ábyrgð og á kostnað verktaka að gera við það. Skal þess sérstaklega gætt að ekki stafi slyshætta af þessari vinnu.

Skal bárujárn keypt í þeirri lengd sem framleiðandi mælir með og er samþykkt af eftirlitsmanni verkkaupa. Samræmi skal vera í lengdum og þess gætt vandlega að samsetningar komi sem best út með tilliti til útlits hússins. Litur er tilgreindur í efnis- og litaskrá eða gefinn upp af verkkaupa ef notuð er lituð þakklæðning.

Við uppsetningu skal fylgja leiðbeiningum framleiðenda. Gæta skal þess að efni undir klæðningu skemmist ekki við uppsetningu svo og yfirborðshúð klæðningar. Frágangur skal vera eins og fram kemur á sérteikningum og setja skal þéttingar þar sem þarf og/eða sýnt er á þessum teikningum. Þessir þættir eru eða skulu vera innifaldir í einingarverði nema annað sé tekið fram. Járnið skal klippt með klippum eða nagara. Ekki má skera með stálblaði eða skurðarskífu vegna hitamyndunar.

Klæðningu skal skara um eina og hálfu báru hið minnsta og þar skal koma fyrir þéttiborða af viðurkenndri gerð. Skörun skal bera undir eftirlitsmann verkkaupa og fá samþykki hans fyrir henni og frágangi hennar ef notuð er önnur aðferð við skörun en hér er lýst.

Bora skal fyrir nöglum og hreinsa burt allt svarf eftir borun. Skrúfa skal í aðra hverja hábáru með skrúfum 6,5x70 mm með þéttiskinnu c/c 600 mm. Í fjarlægð 1,5 m frá köntum og kili skal negla í hverja hábáru og við úthorn á svæði 1,5 x 1,5 m skal vera 300 mm milli neglingarraða. Gæta skal þess að skrúfur fái næga festingu (lendi ekki á milli borða t.d.). Allar festingar skulu vera með sama lit og þakklæðningin.

Við festingar á plötunum skal taka tillit til lengdarbreytinga vegna hitaþenslu og skal fara að einu og öllu eftir fyrirmælum framleiðanda varðandi festingar með tilliti til þessa. Einnig skal gæta þess að taka tillit til hitaþenslu milli flasninga og platna. Stangist þessi lýsing á við fyrirmæli framleiðenda klæðningarinnar í einhverjum tilvikum, skal bera það undir eftirlitsmann verkkaupa sem sker úr.

MAGNTÖLUR:

Magntölur eru eftir því sem kemur fram í magnskrá. Verð skulu miðast við fullfrágengið þakvirki með öllum þeim áfellum, kjöljárnum sem til þarf. Liður felur einnig í sér förgun og rif.

1.5.5 LAGFÆRING Á SKOTRENNU

Lagfæra þarf skotrennu á hluta 6 og koma fyrir nýrri skotrennu sem er rétt lögð og undir bárujárn.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (lm). Verð skulu miðast við fullfrágengna skotrennu sbr. og áður var. Málning þakkanta er ekki innifalín í þessum lið.

1.6 ENDURNÝJUN INNANHÚS

1.6.1 RIF, FLOTUN OG ENDURLAGÐIR DÚKAR

Til stendur að skipta út dúkum í einstaka rýmum þar sem dúkar eru gamlir og illa farnir. Byggingarhlutar eru eins og áður er sagt byggðir á mjög mismunandi tímum. Vitað er að í flestum ef ekki öllum rýmum sem skipta á um gólfduk pappi undir gólfduk sem þarf að fjarlægja. Verkkaupi hefur nú þegar valið duk og lit en í vetur 2022-2023 er búið að skipta út dúkum í einstaka rýmum.

Áður en gólfdukur er lagður skulu gólf holufyllt og sléttuð. Allar ójöfnur skulu hreinsaðar af yfirborði svo og tryggð góð binding dúks við gólf. Fyrir dúkalögn skulu gólf rykbundin með einni yfirferð af málningu og eða grunnuð með viðeigandi grunni. Hvorutveggja valið í samráði við verkkaupa að fyrirmælum dúkaframleiðanda. Við dúkalögn skal loftraki vera undir 60% og raki í gólfmúr undir 3,5%. Hitastig skal vera 18-22°C. Verktaki skal láta verkkaupa vita með góðum fyrirvara um rakastigsmælingu og tímasetningu á dúkalögn.

Gólfduk skal líma með vatnspólnu dúkalími. Leitast skal við að hafa gólfduk sem heilagastan.

Samskeyti skal sjóða saman. Nota skal gólfvaltara yfir allar límingar.

Gólfdukur í baðherbergi skal vera heill og skal dukur sjóðast fastur við niðurfall. Þríkanttlista skal leggja á gólf meðfram veggjum og skal dukurinn ná 70 mm upp á vegg.

Verktaki skal verja lagðan duk skemmdum á meðan á framkvæmdum stendur, á sinn kostnað og lagfæra ef skemmdir verða. Dúkalögðum gólum skal skila yfirborðsmeðhöndluðum með þar til gerðum efnum samkvæmt fyrirmælum framleiðanda dúksins, tilbúnum til notkunar.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig og brottflutningur og förgun umframefnis, rýrnun efnis, lím, fúguefni, fúgum o.s.frv.

1.6.2 KERFISLOFTAPLÖTUR

Nú þegar er búið að endurnýja flestar loftaplötur í kerfisloftum en þó sitja eftir gamlar kerfisloftaplötur á göngum og í rýmum sem skipta þarf út. Verkkaupi útvegjar loftaplöturnar en í þessum lið er beðið um tilboð í að skipta út kerfisloftaplötum og koma fyrir nýjum plötum en halda gömlu leiðurunum. Innifalið í þessum lið er að þrifa leiðara samhliða framkvæmdum, en markmiðið er að rykhreinsa leiðarakerfið.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram, allt skal innifalið í lið til að fullklára verkið.

1.6.3 ENDURMÁLUN AÐ INNAN

Verkið skal unnið á eftirfarandi hátt:

- Skafa og slípa burtu alla lausa og flagnandi málningu af fletinum, svo og önnur óhreinindi. Gera skal við og spartla í öll göt og misfellur og slípa niður óslétt yfirborð.

- Blettmála viðgerðir og þá fleti sem sér í beran stein með terpentínubynntri akrýlmálningu. Þynna skal málninguna um 5-15% með terpentínu, eftir ástæðum. Efnisnotkun um 0,17 l/m² miðað við sléttan flöt. Ef mikil duftsmitun er af yfirborði, skal fyrst blettmála með terpentínubynntri akrýlmálningu, sem hefur verið þynnt með allt að 40% þynni og blettmála síðan samkvæmt framanskráðu, með óþynntri málningu.

- Mála síðan með plastmálningu með 20% herðir í síðustu umferðinni ef um er að ræða eldhús, böð, snyrtingar eða þvottahús en á öðrum stöðum með 10% herðir í síðustu umferðinni. Efnisnotkun um 0,12 l/m² miðað við sléttan flöt. Þurrfilmþykkt skal vera amk. 115 mikron. Fjöldi umferða kemur fram í magskrá.

- Á álagsfleti svo sem lárétta lista skal mála þriðju umferð, þannig að endanleg þurrfilmþykkt sé a.m.k. 90-100 mikron á þessum stöðum.

Málningin skal allstaðar hylja undirlagið fullkomlega með tilliti til litar.

Ef járn, sem farið er að ryðga er á fletinum sem mála á, skal ryðhreinsa það og grunna með ryðvarnargrunni. (lamir, gluggajárn, skrufuhausar o.þ.h.)

Ef þessi lýsing stangast á við fyrirmæli málningarframleiðanda skal fara eftir þeim fyrirmælum en láta eftirlitsmann verkkaupa jafnframt vita af mismuninum.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar.

1.7 JARÐVEGSVINNA, DRENLAGNIR OG HELLULÖGN

1.7.1 GRÖFTUR

Í porti í byggingarhluta 3 hækkar jarðvegur og nær hærra upp á bygginguna en í nálægðu umhverfi. Fjarlægja þarf jarðveg og koma honum í sömu hæð og umhverfið er í. Þá skal grafa og jarðvegskipta jarðveg upp við bygginguna á þessum hluta svo hægt sé að koma fyrir drenjarðveg og kerfi.

Jarðvinnu skal framkvæma samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og í samræmi við góð og fagleg vinnubrögð og ætíð skal þess gætt að virða staðla, lög og reglugerðir við vinnu þessa.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum(m³). Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við gröft, vinnu, vélar og annað sem til þarf til að fullvinna verkið, nema annað sé tekið fram. Ef grafið er meira en verkið útheimtir er það á ábyrgð verktaka og skal hann bera af því allan kostnað.

1.7.2 DRENLAGNIR OG JARÐVEGUR

Liður þessi felur í sér söndun lagna, setja drenmöl með lögnum, leggja síudúk, allt eftir því sem fram kemur í magnskrá. Við útlagningu á sandi, drenmöl og/eða síudúk skal ráðfæra og upplýsa eftirlit verkkaupa fyrir úttektargerð. Við söndun skal sandlagið vera minnst 15 cm undir lögnum og til hliðar og 20 cm yfir.

Ekki má hylja lagnir fyrr en úttekt byggingaryfirvalda hefur farið fram og eftirlitsmaður verkkaupa samþykkt frágang þeirra fyrir sitt leyti.

Drenlagnir skal leggja til og leggja lagnir úr stífu PVC-plasti af viðurkenndri gerð, af þeirri stærð sem fram kemur í magnskrá. Samskeyti eru þétt með þar til gerðum gúmmíhringjum.

Lagnir skal leggja í þjappaðan sand a.m.k. 150 mm, vandlega þjappað, og lagðar þannig að þær hvíli á belgjum en ekki á múffum. Eftir að pípur hafa verið lagðar skal fylla að þeim með a.m.k. 200 mm sandlagi út- og oppfyrir pípur.

Lagnir þessar skal leggja samkvæmt kafla 14.6 í byggingarreglugerð.

Magntölur:

Magntölur eru í lengdarmetrum (lm), Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram, allt skal innifalið í lið til að fullklára verkið.

1.7.3 FYLLING OG JÖFNUN UNDIR HELLUR

Liður þessi felur í sér fyllingu með grús og þjöppun. Fylling skal ná 1,0 m út fyrir sökklá þar sem það á við og ná niður á fast. Fylla skal og þjappa fyllinguna í lögum. Grúsarfyllingin skal vera frostörugg þ.e. þyngd korna minni en 0.02 mm skal vera minni en 3% af þyngd alls efnisins.

Fyllingin er tekin í rétta hæð með tilliti til þess yfirborðsfrágangs sem hvíla skal á fyllingunni.

Ofan á þjappaða fyllingu skal setja 100 mm. lag af sandi. Hvergi má lagið vera þynnra en 80 mm. fullþjappað. Sand skal þjappa við heppilegt rakastig, þjöppun (modified proctor) skal vera 100%.

1.7.4 HELLULAGNIR

Hellur skulu vera af viðurkenndri gerð. Þær skulu vera úr sterkri frostþolinni steinsteypu. Þær skulu vera jafnþykkar og ekki undnar. Þar sem hellur leggjast að kantsteini eða malbikun skulu þær vera 15 mm hærra og einnig 15 mm hærra en niðurfallsristar. Hellur skal saga þar sem þörf er t.d. vegna aðlögunar að húsi, stöplum, brunnum, niðurföllum o.þ.h.

Mesta frávik frá fyrirhugaðri lengd eða breidd skal vera minna en 2 mm.

Mesta frávik frá fyrirhugaðri þykkt skal vera minna en 2 mm.

Verktaki skal leggja fram niðurstöðu á styrkleikaprófi á hellum frá viðurkenndum aðila, ef verkkaupi fer fram á það.

Hellur skal leggja í munstur ef teikningar sýna það og í þeim lit sem teikningar kveða á um ef það er um að ræða.

Verkkaupi skal samþykkja hellur áður en þær eru lagðar. Hellur af þeirri stærð sem kveðið er á um í magnskrá, skulu lagðar í fínan sand. Hellur skal leggja þannig að þær hvíli á öllum fletinum og hvergi komi mishæðir á brúnum. Í millibil skal strá sandi og vökva hann niður í rifurnar strax eftir að hellur hafa verið lagðar. Millibil milli hellna skal vera sem minnst, þó þannig að línur verði beinar.

Þar sem hellur eru í jöðrum t.d. við gras, beð o.þ.h. þar sem hætta er á að þær gangi til, skal leggja steypu utan með ystu röð. Frágangur skal vera þannig að ekki sjáist í steypu þegar frágangi er lokið. Leggja skal k10 steypustyrktarjárn í steypu þessa endilangt með hellulögn.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m^2), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar.

1.7.5 LAGFÆRINGAR OG VIÐHALD ÚTVEGGJA

Þar sem útveggir voru áður undir jarðveg þarf að hreinsa og lagfæra yfirborð fyrir málun og sílanböðun. Þá fermetra skal innifela í öðrum liðum eins og háþrýstipvott, múrviðgerðum og kafla um málningarkerfi.

Veggir sem aftur verða undir jarðveg þarf að rakaverja með einangrun, takkadúk og klemmulistum, skal sá frágangur vera gerður í samræmi við eftirlitsaðila verkkaupa.

Magntölur:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m^2), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar.